

Ed. 138. Frumvarp til laga [82. mál]

um breyting á lögum nr. 61. 31. maí 1947, um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð 22. gr. laganna um aðstoð.

2. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna og lög nr. 25 1. apríl 1948, um breyting á lögum nr. 61. 31. maí 1947, um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip, eru úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja fékk heimild Alþingis til þess að starfa áfram sjálfstætt, þegar lög in um váttryggingarfélög fyrir vélbáta voru sett. Undanþága bátaábyrgðarfélagsins var tímabundin, en hefur nokkur undanfarin ár verið framlengd til tveggja ára í senn og á síðasta þingi til eins árs. Núverandi undanþága félaginu til handa er í bráðabirgðaákvæði laga nr. 61 31. maí 1947, um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip, sbr. lög nr. 25 1. apríl 1948, um breyting á þeim 1., og gildir til ársloka 1949. Það er mjög áriðandi fyrir útgerðarmenn vélbáta í Vestmannaeyjum, að félagið njóti áfram þeirrar aðstöðu, er það hingað til hefur haft. Hér er því lagt til, að undanþága þessi haldist, en verði ótímabundin, þar sem það er nauðsynlegt, til þess að félagið hafi öruggan starfsgrundvöll að byggja á. Reynslan hefur sýnt, að félagið á fullan rétt á því að öðlast slíkt starfsöryggi.